Eftirlit með leiksvæði og húsnæði Krílakots

Í Krílakoti fer fram daglegt eftirlit til að tryggja öryggi barna á útisvæði. Starfsfólk deildanna skipta með sér eftirlitsstörfum og er farið hvern morgun yfir útisvæði, rusl fjarlægt og kannað hvort eitthvað hafi skemmst að næturlagi. Skránignarblað er staðsett á vegg í miðrými leikskólans og skráir eftirlitsaðili hvort einhverju var ábótavant og hvaða úrbætur voru gerðar. Skráningarblöðum er haldið til haga og þau nýtt við mat á öryggi í Krílakoti.

Árlega kemur starfsmaður Heilbrigðiststofnunar Norðurlands og tekur út leiksvæðið. Viðkomandi starfsmaður kemur með ábendingar um hvað betur má fara og er gerð í úrbótaáætlun í kjölfarið í samráði við Bæjartæknifræðing og Garðyrkjustjóra.

Á tveggja ára fresti kemur starfsmaður frá IBM og tekur út leiksvæðið. Viðkomandi starfsmaður skilar skýrslu þar sem fram kemur hvaða úrbóta er þörf. Úrbótaáætlun er gerð í kjölfarið í samráði við Bæjartæknifræðing og Garðyrkjustjóra.

Leikskólastjóri sér um að úrbótaáætlunum sé framfylgt og að öryggi barna í Krílakoti sé tryggt sem frekast er unnt.

Virðingarfyllst,

Drífa Þórarinsdóttir
leikskólastjóri